

Byltingar Barrack Obama og Joseph Biden í Úkraínu

Á árunum 2013 til 2014 var lýðræðislega kjörnum forseta Úkraínu, Viktor Fedorovych Yanukovych (f. 1950), steypt af stóli, þegar nýnasistar og aðrir öfgahópar gerðu atögu að þinghúsinu í Kænugarði. Þingmenn tóku til fótanna og Viktor flúði í þyrlu til Rússlands.

Undir verkstjórn Barrack Hussein Obama (f. 1961), forseta Bandaríkja Norður-Ameríku (BNA), og varaforseta hans, Joseph Robinette Biden (f. 1942), var byltingin undirbúin og skipulögð í samráði við nýnasískar hreyfingar heimamanna í Úkraínu. Vettvangsstjórar voru sendiherra BNA, Geoffrey Ross Pyatt (f. 1963) og varautanríkisráðherra, Victoria Jane Nuland (1961).

Skötuhjúin lögðu m.a. á ráðin um, hver yrði heppilegasti arftaki Viktor, sbr. samtöl þeirra í síma. Victoria mælti með Oleksandr Turchynov (f. 1964). Hann hneppti því hnossið sem nýr bráðabirgðaforseti Úkraínu. Hann tók umsvifalaust upp samingaviðræður við Evrópusambandið. Stjórnin hófst einnig handa við að reisa minnismerki um illvirki úkraínskra nasista.

Jack Foust Matlock (f. 1929), fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna í Moskvu, segir um stjórnarbyltingu Barrack og Biden í Úkraínu: „Innrás (intrusion) Bandaríkjanna á innanríkisvettvang þess [Úkraínu] var djúprist [og fólst í] virkun stuðningi við byltinguna árið 2014 og valdaráni kjörinnar stjórnar Úkraínu.“

Evrópusambandið kom einnig beint og óbeint að málum. Fyrir liggur upptaka af samtali utanríkisráðherra Eistlands, Urmas Paet (f. 1974), og utanríkismálastjóra Evrópusambandsins, bresku greifynjunni, Cathy Margaret Ashton (f. 1956), þar sem þau ræða m.a. um þá staðreynd, að leyniskytturarnar úr hreyfingu nasista hefðu myrt bæði lögreglumenn og mótmælendur.

Yfirgangur Evrópusambandsins og ágeng utanríkisstefna þess kom þráðbeint í ljós tveim árum fyrir stjórnarbyltinguna sjálfa (2013), þegar Úkraínumönnum var boðinn viðskiptasamningur, sem skilyrtur var takmörkun á viðskiptum við Rússa.

Sameinuðupjóðirnar voru einnig með í ráðum, þ.e. Jeff Feltman (f. 1959), varaáðalritari stjórnmalasviðs (United Nations Under-Secretary-General for Political Affairs) með vitorði Aðalritara SP, Ban Ki-moon (f. 1944).

Fyrirnefnd Victoria hefur einnig ljóstrað því upp, að BNA hafi dælt fimm milljörðum (billion) dala í undirbúning stjórnarbyltingarinnar, þar með talin hergögn og þjálfun úkraínskra hermanna – nýnasistar voru þar áberandi – í BNA og á heimavelli.

Bandaríkjamenn hafa þjálfað úkraínska hermenn m.a. í samvinnu við Kanadamenn og Breti. Stuðningur kom víðar að. Stjórnarbyltingin á sér aðdraganda.

Eftir hrun Ráðstjórnarríkjanna síðla árs 1991 umbreyttust þau í „villta austrið.“ Óprúttir aurapungar (afsakið kynbundið orðaval) sköruðu eld að eigin köku og fóru ránshendi um eigur almennings. Það varð til stétt auðvalda (oligarch). Í Rússlandi auðveldaði Boris Nikolayevich Yeltsin (1931-2007) þessa sjálfstöku. Bandaríska ríkisstjórnin fjármagnaði og stjórnaði kosningabaráttu hans. Einkaráðgjafi Boris var William Jefferson (Bill) Clinton (f. 1946), forseti Bandaríkjanna.

Svipað var upp á teningnum í Úkraínu. Vestrænir viðskiptasnillingar streymdu að eins og gammar að hræi, græddu á tá og fingri. Auðvaldar, innlendir og útlendir, fitnuðu eins og púkar á fjósbíta, meðan alþýðu manna blæddi. Spilling var og er útbreidd sem og glæpir. Enn þá er Úkraína meðal alspilltustu og glæpavæddustu ríkja heims.

Arftaki Boris í Rússlandi var lítt þekktur leyniþjónustumaður, Vladimir Vladimirovich Putin (f. 1952). Honum sveið niðurlæging Rússlands eins og fyrirmynd hans, Pyotr Alekséyevich eða Pétri mikla (1672-1725) á sínum tíma. Samtímis því að auðgast sjálfur tamdi hann (hina) auðvaldana. Hann náði einnig heljartökum á kirkju og her. Hér er því enginn aukvisi á ferð eins og einnig sýndi sig í hjaðningastríðinu í Sírylandi. Á þeim vettvangi „þvingaði“ hann Barrack Obama til samninga, sýndi bæði herkænsku og samningsgáfu.

Í samræmi við utanríkisstefnu BNA var Nato sífellt þanið út til austurs og herstöðvum fjölgað, þrátt fyrir mótmæli Rússa. Þeir töldu skiljanlega öryggi sínu ógnað. Þegar Ráðstjórnarríkin voru í andaslitrunum fékk þáverandi aðalritari Ráðstjórnarríkjanna, Michail Gorbachev (f. 1931) vilyrði Bandaríkjamanna fyrir því, að Nato yrði ekki þanið út í austurveg - gegn samþykki sínu um samruna Austur- og Vestur-Þýskalands.

Á Öryggismálaráðstefnunni í München árið 2007, gerði Vladimir lýðum ljóst, að Rússland tæki því ekki með þegjandi þögninni, að Georgia og Úkraína gengju í Nato. Rússland myndi grípa til aðgerða. Vesturlönd skelltu skollaeyrum við óskum og aðvörunum gerska leiðtogans og lýstu því yfir ári síðar, að nefnd ríki fengju inngöngu í bandalagið, sbr. Búkarestyfirlýsingu Nató (Bucharest Summit Declaration) frá 3. apríl 2008.

Nokkrir raunsæir og viti bornir bandarískir stjórn mála- og embættismenn voruðu við þessu glapræði. Einn þeirra var sjálfur George Frost Kennan (1904-2005), einn

meginhugmyndafræðinga Bandaríkjamanna um utanríkis- og öryggismál. Hann sagði m.a.:

„Að mínum dómi felur þetta í sér upphaf nýs kuldastríðs. Ég hygg, að Rússar muni smám saman bregðast öndverðir við og að það mun hafa áhrif á stefnumörkun þeirra. Þetta eru hryggileg mistök. Þessi gjörningur er ástæðulaus með öllu. Það stafaði ekki ógn að nokkrum manni. Þessi útpensla hefði valdið því, að stofnfeður þessa ríkis [BNA] hefðu snúið sér við í gröf sinni.“

Henry Alfred Kissinger (f. 1923), annar þungaviktarmaður við mótun utanríkismálastefnu Bandaríkjanna, lítur svo á sílfrið: „Vesturlandamenn verða að gera sér grein fyrir því, að Úkraína hefur aldrei verið útlend í augum Rússa. Saga þeirra hófst í Kænugarðs-Rússlandi fyrir öldum síðun.“ (Rússneska ríkið, Garðaríki, var stofnað af sænskum víkingum á níundu öldinni. Orðið, Rússar, er nafnið á norrænum mönnum af landsvæðum, sem nú eru sænsk.)

Hinn merki bandaríski alþjóðastjórn málafræðingur, John Joseph Mearsheimer (f. 1947) skrifar á svipuðum nótum: „Úkraínu er boðið í gleðigöngu til glötunar (primrose path). ... Lokaáfangastaðurinn er tortíming Úkraínu. ... Það, sem fyrir okkur vakir, er að gera Úkraínumenn harðsnúna gagnvart Rússum. Við hvetjum Úkraínumenn til að gera sér í hugarlund, að þeir muni að lokum verða hluti Vesturlanda, þar eð við myndum í fyllingu tímans bera sigurorð af Putin og knýja hann til að láta að vilja okkar, tíminn ynni með okkur. Og vitaskuld taka Úkraínumenn þátt í leiknum.“ (En síðustu fréttir herma, að hinn óreyndi forseti þeirra, Volodymyr Zelenskyy (f. 1978)) sé farinn að átta sig á klækjabrögðunum.)

Fyrirnefndur, Jack F. Matlock, sendiherra Bandaríkjamanna í Moskvu á árunum 1987 til 1991, varaði einnig við. Ákvörðun um útpenslu Nató til austurs „kynni, þegar fram líða stundir, að verða álitid mesta herkænskuklúður, síðan kalda stríðinu lauk.“ Jack bendir einnig á, að Bandaríkjamenn hafi farið að draga lappirnar í sambandi við „Samninginn um takmörkun skotflaugakerfa“ (Treaty on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems), sem Ráðstjórnarríkin og Bandaríkin sömdu um árið 1972, flestum til mikils léttis.

Jack bætir við: „Eftir 9/11 var var Putin fyrstur útlendra leiðtoga til að hringja til Bush forseta til að votta samúð sína og lofa stuðningi. Hann var maður orða sinna og lagði lið við árás [Bandaríkjamanna] á Taliban stjórnina í Afganistan. Það var morgunljóst þá, að Putin hafði hug á samstarfi um öryggismál við Bandaríkin, þar sem hryðjuverkamenn hins heilaga stríðs (Jihadist terrorists) hefðu bæði Bandaríkin og

Rússland sem skotmörk. Engu að síður héldu bandarísk stjórnvöld (Washington) áfram uppteknum hætti og sneru baki við Rússum (og bandamönnum þeirra) með því að gera innrás í Írak, ofbeldisgjörningur, sem ekki einungis var í andstöðu við Rússa, heldur líka Þjóðverja og Frakka.“

Hann segir jafnframt: „Bush forseti [Bandaríkjanna, þ.e. George Herbert Walker (1924-2018)] gaf Gorbachev tryggingu fyrir því á Maltafundinum í desember árið 1989 - að því tilskildu, að ríki Austur-Evrópu yrðu frjáls að því að ákvarða framtíð sína með lýðræðislegum hætti - myndu Bandaríki Norður-Ameríku láta hjá líða að notfæra sér þá framvindu.“

James Addison Baker (1930), þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði árið 1990: „Það er ekki einungis mikilvægt fyrir Ráðstjórnarríkin, heldur einnig önnur ríki Evrópu, að fyrir liggi trygging þess efnis, að verði viðvera Bandaríkjanna í Þýskalandi – innan ramma Nató – óbreytt, mun hernaðarleg lögsaga Nató ekki færast einn þumlung til austurs.“

Nató gekk á bak orða sinna sjö árum síðar, þegar stofnað var til einhvers konar bandalags Úkraínu og Nató (Charter on a Distinctive Partnership) með ádrætti um fulla aðild að Bandalaginu. Þetta var í megingreinum áréttað 2002 og 2008.

Hinn bandaríski andans jöfur, Noam Chomsky, sagði: „Sú hugmynd, að Úkraínu gengi í vestrænt hernaðarbandalag yrði óásættanlegt sérhverjum rússneskum leiðtoga.“

Eins og við mátti búast varð Georgía fyrri ásteytingarsteinninn. Eins og í Úkraínu (og miklu víðar í veröldinni) hafði Bandaríska leyniþjónustan (Central Intelligence Agency – CIA) hafið undirbúning að stjórnarbyltingu. Hún var kölluð „Rósabyltingin.“ (Ein nokkurra „blómabyltinga“ eða „litabyltinga CIA.) Í ljósi þess, sem undan var gengið, kom það varla á óvart, að Rússar brygðust við. Innrás þeirra átti sér stað árið 2008.

Undirróður, áróður og afskipti Bandaríkjastjórnar í Austur-Evrópu og Mið-Asíu hafa tekið mið af skýrslu RAND Stofnunarinnar (RAND Corporation), „Reynt á þolrif Rússa. Samkeppni í hagstæðri stöðu“ (Extending Russia. Competing from Advantageous Ground), sem var útgefin árið 2019.

Þar er m.a. að finna eftirtalin hollráð handa Joseph Biden. 1)Veita banvæna aðstoð til Úkraínu; 2)Auka aðstoð við uppreisnarmenn í Sýrlandi; 3)Beita sér fyrir stjórnarbyltingu í Hvíta-Rússlandi; 4)Notfæra sér spennu á Suður-Kákasus svæðinu; 5)Minnka rússnesk áhrif í Mið-Asíu; 6)Vinna gegn veru Rússa í Moldóvu.

Skýrsluhöfundar benda á tvær leiðir til að reyna sérstaklega á þolrif Rússa í Kákasus. Önnur felst í því að þrýsta á um nánara samband Nató við Georgíu og Aserbædsjan. Hin felst í því að þvinga Armeníu til að snúa baki við Rússum. Armenía hafði þá þegar gerst þátttakandi í „Friðarsamtökum Nató“ og sent hermenn til Afganistan undir stjórn Nató. Einnig hafði Armenía gert hosur sínar grænar fyrir Evrópusambandinu.

RAND mælir einnig með efnahagslegum aðgerðum eins og að koma í veg fyrir útflutning á olíu frá Rússlandi, beita sér fyrir samdrætti í gasútflutningi og koma í veg fyrir fleiri olíu- og gaslagnir. Sömuleiðis er bent á, að til viðbótar ætti að leggja áherslu á upplýsingagjöf (áróður) til viðbótar hermennsku.

Víkur þá sögu til Úkraínu, Krímskagans. Í þingkosningum árið 2004 tókust á Viktor Yanukovich, studdur af Rússum, og nafni hans, Yushchenko (f. 1954). Sá fyrrnefndi vann kosningarnar, en fylgismenn hans sögðu svik í tafla og efndu til mótmæla, sem urðu að Glóaldingulu byltingunni (Orange Revolution). Við endurkosningu vann Yanukovich með rétt rúmum helmingi atkvæða. Þetta var kveikjan að aðskilnaðarstefnunni í Austur -Úkraínu.

Deilurnar um kosningarnar árið 2004 jöðruðu við borgarstýrjöld. Í kjölfar þeirra höfðu stjórnsmál í Úkraínu greinilega tekið glóaldingulan lit þeirra aflu, sem aðhylltust nán tengsl við Nató og Evrópusambandið.

Þrjú þjóðernisöfgaflokkar voru áberandi, Frelsisflokkurinn (Svoboda), samfylking gasynjunnar og auðvaldsins, Yuliya Tymoshenko (f. 1960), sem virk var í Glóaldingulu byltingunni, og flokkur Viktor Yushchenko, „Okkar Úkraína.“ Samvinna hinna tveggja síðastnefndu endaði með ósköpum og erjum innan og utan þings og ríkisstjórnar. Hún var dæmd til fangelsisvistar fyrir spillingu, en var látin laus árið 2014 og tók þátt í óeirðum í Kænugarði. Samningur Evrópusambandsins um viðskipti var skilyrtur því, að Yuliya yrði látin laus.

Fjórdi forseti Úkraínu, Viktor Yanukovich, sá er Bandaríkjamenn og öfgaöfl innan Úkraínu steyptu af stóli árið 2014, samdi árið 2010 við Rússa um framlengingu leigusamnings á flotstöðinni við Svartahaf. Árið 2010 samþykkti löggjafarþingið, að Úkraína yrði hlutlaust ríki. Þrátt fyrir þessi lög héldu Bandaríkin, Nató og Evrópusambandið áfram þrýstingi á stjórnvöld í Úkraínu.

Árið 2009 voru birtar niðurstöður skoðanakönnunar, sem sýndi töluverða andstöðu Úkraínnumanna gegn inngöngu í Nató. Þingið í sjálfstjórnarlýðveldinu á Krímskaga,

sambykkti í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu að kveðja Úkraínu og sækja um aðild að rússneska ríkjasambandinu.

Íbúum Donbas (Luthansk og Donetsk) hugðaðist illa byltingarbrölt og valdarán í Kænugarði og lýstu árið 2014 - með fulltingi Rússa - yfir sjálfstæði héraðana. Það kom til átaka við árásarher Úkraínu. Nýnasistar voru þar í fremstu víglínu eins og á Krímskaga.

Í borginni Odessa á Krímskaga, brenndu nasistar inni tugi óvopnaðra manna þann 2. maí 2014. Þeir, sem reyndu að forðast logana, voru drepnir umvörpum. Engum hlíft, ekki einu sinni vanfærum konum. Rannsókn Evrópuráðsins leiddi í ljós, að úkraínska lögreglan hefði verið meðsek. Forseti Úkraínu, Petro Oleksiyovych Porochenko (f. 1964) fagnaði ódæðinu sem sigri yfir aðskilnaðarsinum. Talsmaður ríkisstjórnarinnar, Artem Filipenko tók í sama streng, „48 drepnir og 200 særðir var ásættanlegt tjón.“

Hernaðarbröltið í Donbas hefur kostað um fjórtán þúsund mannlíf. Þrátt fyrir Minsk friðarsamkomulag aðskilnaðarsinna og Úkraínustjórnar frá árinu 2014 með þátttöku Þjóðverja, Rússa og Frakka, hefur vígöldinni aldrei linnt algerlega. En í samkomulaginu var m.a. ákvæði um að skoða stöðu Luthansk og Donetsk með aukið sjálfstæði fyrir augum. Það hefur Úkraínustjórn neitað að gera.

Síðan sameining þýsku ríkjanna átti sér stað, hafa fjórtán ný ríki bæst í Nató. Putin hefur þrífaldlega bent á svikin loforð Nató og Bandaríkjanna með tilliti til þenslu Nató til austurs.

Þegar Rússar báru upp áhyggjur sínar við breska forsætisráðherrann, John Major (f. 1943), árið 1991, var svar hans: „ekkert í þá veru mun nokkurn tíma eiga sér stað.“ Rússar voru enn órólegir. Árið 1993 skrifaði Boris Yeltsin til vinar síns, Bill Clinton um málið. Rússum var svo umhugað um öryggi í Evrópu eða „heimili okkar allra“ eins og Michail Gorbachev orðaði það, að leitað var hófanna um inngöngu í Nató. Það var ekki tekið til greina.

Nú um miðjan mars 2022 linnir ekki hörmungunum í Úkraínu, þrátt fyrir að Volodymyr Zelensky virðist hafa séð í gegnum blekkingarvefinn. Nató og Bandaríkjamenn gera ráð fyrir sigri rússneska hersins og skæruhernaði Úkraínumanna með ekta CIA handbragði, sbr. grein Douglas London í Foreign Affairs 25. febrúar, „The Coming Ukrainian Insurgency,“ og viðtöl við Hillary Clinton, sem hafði yfirumsjón með sams konar gjörningi CIA í Sírylandi. „Lýðræðistrúboðsdeild“ CIA (NED – National Endowment for Democracy) hefur þegar lagt gjörva hönd á undirbúning, m.a.

fjármagnað sextíu og fimm verkefni innan landamæra Úkraínu eins og þjálfun aðgerðasinna og blaðamanna.

Stofnun ungversk-bandaríska auðjöfursins, George Soros (György Schwartz, f. 1930), heldur áfram að leggja lið eins og hann hefur gert síðustu þrjátíu árin, m.a. með stuðningi við „litabyltingarnar.“ Úkraínskur afleggjari af „Opinsamfélagastofnun“ (Open Society Foundation) hans, „Alþjóðlegi endurreisnarsjóðurinn (International Renaissance Foundation), hefur frá 1994 árlega veitt tólf milljónum dala til ýmissa verkefna í Úkraínu. Soros hefur nú stofnað nýjan Úkraínusjóð og heitir því, að halda áfram afskiptum af „lýðræðinu“ frá skattaparadísinni, Cayman Islands.

Það er mikil grimmd í hinu gamla Garðaríki, fátt um góðar vonir. Sorglegt!

<https://www.theguardian.com/world/2022/jan/12/russias-belief-in-nato-betrayal-and-why-it-matters-today>

<https://steigan.no/2022/02/pa-den-gale-siden/>

https://www.irf.ua/files/eng/AnnualRep_eng_FINAL_17_06.pdf<https://www.opensocietyfoundations.org/newsroom/open-society-launches-fund-for-a-free-and-democratic-ukraine>

https://www.nato.int/cps/en/natolive/official_texts_8443.htm

<https://steigan.no/2014/02/soros-cia-og-fargerevolusjonene/>

<http://content.time.com/time/subscriber/article/0,33009,984833,00.html>

<https://consortiumnews.com/2014/03/02/what-neocons-want-from-ukraine-crisis/>

<https://steigan.no/2014/09/euromaidan-aktivister-forsvarer-drapene-i-odessa/>

<https://www.aftonbladet.se/kultur/a/J1LEyb/mordarna-hyllas-for-massakern>

<https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=090000168048851b>

<https://nyheter.swebbtv.se/ukraina-har-varit-usas-leksak-sa-byggdes-konflikten-upp/>

<https://www.wsws.org/en/articles/2014/06/10/fasc-j10.html>

<https://forward.com/news/462916/nazi-collaborator-monuments-in-ukraine/>

<https://news.antiwar.com/2022/01/14/the-cia-has-been-training-ukrainian-paramilitaries-to-kill-russians/>

<https://www.youtube.com/watch?v=L2XNN0Yt6D8>

<https://hitchensblog.mailonsunday.co.uk/2018/02/now-it-starts-to-come-out-kievs-2014-revolution-was-achieved-by-heavily-armed-thugs-many-of-them-neo.html>

<http://ronpaulinstitute.org/archives/featured-articles/2014/february/09/victoria-nulands-ukraine-gate-deceptions.aspx>

<https://www.sott.net/article/273602-US-Assistant-Secretary-of-State-Victoria-Nuland-says-Washington-has-spent-5-billion-trying-to-subvert-Ukraine>

https://www.foreignaffairs.com/articles/ukraine/2022-02-25/coming-ukrainian-insurgency?utm_medium=social&utm_source=twitter_posts&utm_campaign=tw_daily_soc

https://www.washingtonpost.com/opinions/henry-kissinger-to-settle-the-ukraine-crisis-start-at-the-end/2014/03/05/46dad868-a496-11e3-8466-d34c451760b9_story.html

<https://www.theguardian.com/world/2022/jan/12/russias-belief-in-nato-betrayal-and-why-it-matters-today>

<https://consortiumnews.com/2022/02/24/what-putin-says-are-the-causes-aims-of-russias-military-action/>

<https://www.bloomberg.com/news/articles/2022-02-24/full-transcript-vladimir-putin-s-televised-address-to-russia-on-ukraine-feb-24>

<https://www.thelastamericanvagabond.com/ukraine-new-al-qaeda/>

<https://twitter.com/MSNBC/status/1498490752065757184>

<https://www.bbc.com/news/world-europe-26312008>

<https://www.britannica.com/biography/Yulia-Tymoshenko>

https://fpif.org/why_progressives_must_embrace_the_ukrainian_democracy_movement/

<https://www.theguardian.com/world/2015/feb/12/ukraine-crisis-minsk-ceasefire-agreement-details>

<https://news.gab.com/2022/03/07/ukraine-george-soros-aggression-against-christian-russia/>

<https://www.bbc.com/news/world-europe-26079957>

<https://www.opendemocracy.net/en/odr/ukraine-far-right-in-parliament-for-first-time/>

<https://www.bbc.com/news/10229626>

<https://www.pewresearch.org/global/2009/11/02/end-of-communism-cheered-but-now-with-more-reservations/>

<https://www.pewresearch.org/global/2010/03/29/ukraine-says-no-to-nato/>

<https://www.youtube.com/watch?v=hQ58Yv6kP44>

<https://off-guardian.org/2022/02/24/timeline-euromaidan-the-original-ukraine-crisis/>

<https://www.britannica.com/event/Anti-Ballistic-Missile-Treaty>

<https://twitter.com/RnaudBertrand/status/1498491187648348161>

<https://www.youtube.com/watch?v=uE9jULgC42o>

<https://blogs.timesofisrael.com/friedman-kennan-and-putin/>

<https://www.youtube.com/watch?v=fWkfpGCAAuw>

<https://www.salon.com/2021/01/19/who-is-victoria-nuland-a-really-bad-idea-as-a-key-player-in-bidens-foreign-policy-team/>

<https://www.britannica.com/place/Ukraine/The-election-of-Volodymyr-Zelensky-and-continued-Russian-aggression>

<https://www.nytimes.com/2022/02/21/opinion/putin-ukraine-nato.html>

<https://forsvaretsforum.no/historie-kronikk-nato/er-ny-storkrig-uunngaelig/238135>

<https://www.oavis.no/europa-flyktninger-kolbotn/robert-mood-om-fare-for-ny-storkrig-veldig-lite-sannsynlig/644655>
<https://www.oavis.no/europa-flyktninger-kolbotn/robert-mood-om-fare-for-ny-storkrig-veldig-lite-sannsynlig/644655>

<https://steigan.no/2022/03/vi-kan-fa-slutt-pa-krigen-i-ukraina-i-morgen-hvis-vi-vil-og-det-til-alles-fordel/>

<https://steigan.no/2022/03/usa-folger-den-planen-rand-corp-la-opp-for-a-strekke-russland/>

https://www.rand.org/content/dam/rand/pubs/research_reports/RR3000/RR3063/RAND_RR3063.pdf

https://markcrispinmiller.substack.com/p/heres-some-of-what-you-may-not-know-8d0?token=eyJ1c2VyX2lkljo0Njk0NzAxNCwicG9zdF9pZCI6NDk5MDY3MzEsIl8iOiJvVEw4TCIsImIhdCI6MTY0NjczMzc1NywiZXhwIjoxNjQ2NzM3MzU3LCJpc3MiOiJwdWltMzgzMDg1Iiwic3ViIjoicG9zdC1yZWVjdGlubiJ9.0obF_i-JI4YlLuJ3wWl59pLySxIh95klscAVkYKZiE&s=r

<https://stormcloudsgathering.com/posts/the-ukraine-crisis-what-youre-not-being-told/>

<https://www.commondreams.org/views/2022/02/15/nato-and-origins-ukraine-crisis>

<https://www.theguardian.com/world/2021/nov/04/ex-nato-head-says-putin-wanted-to-join-alliance-early-on-in-his-rule>